



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
í móttöku til heiðurs
HKH Carl XVI Gustaf Svíakonungi
Moderna Museet
18. janúar 2018**

Yðar hátign,
hátignir,
ráðherrar
og aðrir góðir gestir!

Mikið hefur okkur hjónum liðið vel hér í Svíþjóð! Mikið hefur verið vel tekið á móti okkur. Og mikið eru Svíar kurteisir og þægilegir í umgengni. Við erum í raun og sann eins og ein stór fjölskylda, þjóðirnar sem hafa búið á Norðurlöndum frá alda öðli. Auðvitað hefur hvert ríki og hver þjóð sín sérkenni en við eigum svo margt sameiginlegt – ekki þó tungumálið. Lengst í vestri tala Grænlandingar sína tungu, lengst í austri eru Finnarnir með sína finnsku, Samar í norðri og sunnan úr heimi og víðar að hafa fjölmargir flust til okkar á Norðurlöndum, talandi á framandi tungur. Áfram eigum við þó hin skyldu norrænu tungumál. Heima á Íslandi er danska skyldufag í skólum og þegar við Íslendingar ávörpum Skandinava finnst okkur gjarnan við hæfi að rifja upp skóladönskuna eða mæla á einhvers konar „blandinavísku“.

Andspænis því verkefni hef ég ákveðið að best sé að bera orðin fram eins nálægt minni ástkæru íslensku og mér er frekast unnt, flytja ykkur öll möguleg err og þorn og ell og einhvern veginn skilst maður bara – vona ég! Um suma aðra á Norðurlöndum má hins vegar að segja að vonin til þess að við hin skiljum þá liggi í því að þeir tali sitt mál alls ekki eins og þeir séu heima hjá sér. Fyrir allnokkrum árum bar það til á Norðurlandaráðsþingi að finnskir fulltrúar hótuðu útgöngu ef vinir okkar handan Eyrarsundsins færu ekki að tala hæggar og skýrar. Samhljóðarnir voru þá komnir svo langt niður í maga að ekkert heyrðist nema sérhljóðablástur í mismunandi tónhæðum. Danir lofuðu bót og betrun.

Já, allt hefst með samvinnu og tillitssemi. Svo gildir það nú vissulega á Norðurlandaráðsþingum eins og ýmsum öðrum mannamótum að fólk fer ekki endilega á mis við mikið þótt það skilji ekki allt. Heima á Íslandi eigum við fornt máltæki, að fólk skuli mæla þarft, eða þegja. Mér skilst einmitt að við Íslendingar höfum stundum það orð á okkur að vera ekki mjög orðmargir, og eigum það víst sameiginlegt með vinum okkar Finnum.

Yðar hátign! Hér er saga þessu til staðfestingar. Hún er stutt. Það bar til á fyrri hluta síðustu aldar að ungu skáldi að heiman var boðið á íslenska menningarviku hér í Stokkhólmi. Þar kom að konungur hélt boð, vildi sýna gestinum sjálfsagða kurteisi og gaf sig á tal við hann:

Kóngur: „Min herre är författare?“

Skáldið: „Ja.“

Kóngur: „Och vad skriver Ni?“

Skáldið: „Böcker.“

Kóngur: „Och vad handlar de om?“

Skáldið: „Allt möjligt.“

Þar með lauk samtalinu, á góðum nótum þó, er mér sagt. Já, ég nefndi að við Íslendingar þykjum víst ekki ýkja málgláðir. Þjóðalýsingar geta verið skemmtilegar þótt við verðum auðvitað að varast alhæfingar.

Kæru gestir! Á seinni hluta átjánndu aldar hélt ungur sænskur biskupssonur, Uno von Troil, í Íslandsreisu, ferðaðist víða og skrifaði heim skemmtilegar lýsingar á landi og þjóð. Leyfið mér að vitna aðeins í skrif hans:

Til herra bókavardar Gjörwells, 22. jan. 1773:

„[Við] vörpuðum akkerum úti fyrir Bessastöðum, hinu fræga setri Snorra Sturlusonar [og þar sem nú er aðsetur forseta Íslands]. Okkur þótti sem við værum komnir í annan heim. ... Varla getur nokkurt land, sem náttúran hefur búið jafn fátæklega að, og þar sem hún birtist í jafn geigvænlegum myndum. ... Íslendingar eru menn ákaflega góðlyndir og heiðarlegir, en ... svo þungbúnir eru þeir, að mig minnir, að ég sæi þá sjaldan hlæja.“

En, kæru Svíar, eigum við þetta þá ekki bara líka sameiginlegt? Í nýlegri fræðigreini um sænska sögu og sjálfsmyndir Svía les ég að þið, kæru gestgjafar okkar, lýsið ykkur sjálfum sem hæglátu fólki og feimnu sem leiti alltaf málamiðlana, og eigi að lýsa Svíum í einu orði þá komi bara eitt orð til greina. Danir hafa gert sitt „hygge“ heimsfrægt, þið Svíar hafið „lagom“, passlegt, ekki of mikið, ekki of lítið, nóg handa öllum, ekki setja þig á háan hest.

Og samt getið þið skarað fram úr, náð frábærum árangri í vísindum og listum, að ekki sé minnst á íþróttir. Karlalandslið ykkar í knattspyrnu komst

meira að segja á úrslit heimsmeistaramótsins í Rússlandi: Við sjáumst þar í sumar!

En aftur að bréfum Unos von Troil. Til frú S. Carlsson í Gautaborg, 20. mars 1774: „Ekki er skemmtileg tilhugsun að ræða matargerð Íslendinga ...“ Ég ákveð hér og nú að lesa ekki lengra en nefni hiklaust og kinnroðalaust að margt hefur breyst í áranna rás, og sömuleiðis það að hér á eftir fáum við að njóta gómsætra kræsinga að heiman sem íslenskir meistarakokkar hafa galdrað fram – og síðast en ekki síst að meðal þess sem laðar erlenda ferðamenn til Íslands nú á dögum eru hinir mýmörgu og frábæru veitingastaðir um land allt. Þótt von Troil hafi gætt sér á beinastrjúgi er sá réttur ekki lengur á borðum hjá okkur – sum sé bein af nautpeningi, sauðfé eða þorski sem eru soðin í mysu uns þau eru orðin meyr og síðan látin gerjast – og að lokum etin með mjólk.

„Lagom“ er orðið. Ég bið alla viðstadda að lyfta glösum og drekka skál yðar hátignar, sænsku konungsfjölskyldunnar og fyrir heill og farsæld sænsku þjóðarinnar.